

Júlíus Georgsson  
löglærður fulltrúi tollstjóra  
Tollhúsinu við Tryggvagötu  
Reykjavík

Reykjavík 21. apríl 2017

**Alþingi**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**150 Reykjavík**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta, tolla og gjöld. Tillaga til breytingar á 1. mgr. 147. gr. tollalaga.**

*Dingskjal nr. 515, málsnúmer 385.*

I

Fyrir efnahags- og viðskiptanefnd er nú til meðferðar ofangreint frumvarp. Á vef Alþingis kemur fram að öllum sé heimilt að senda nefndum þingsins skriflega umsögn um þingmál og hef ég ákveðið að notfæra mér það. Ég mun jafnframt leggja til að við 1. mgr. 147. tollalaga nr. 88/2005 verði bætt tilteknu ákvæði.

Ég leyfi mér gera að umtalsefni 13. gr. frumvarpsins, en þar er lögð til breyting á öðru af sagnæmiskilyrðum 1., 2. og 3. mgr. 172. gr. tollalaga í þá veru að í stað stórfellds gáleysis komi gáleysi. Eftir sem áður verður ásetningur sagnæmisskilyrði. Í praxis reynir svo til eingöngu á ákvæði 1. mgr. 172. gr. í starfsemi tollyfirvalda. Í frumvarpi því til tollalaga sem lagt var fram á 131. löggjafarþingi var lagt til að sagnæmisskilyrðið yrði einungis gáleysi í ofangreindri lagagrein. Niðurstaðan varð hins vegar sú að lögin voru samþykkt þannig að sagnæmisskilyrðin urðu, líkt og verið hafði í 1. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987, ásetningur eða stórfellt gáleysi. Í greinargerð með 13. gr. frumvarpsins er sagt að reynsla tollyfirvalda hafi sýnt að nær ómögulegt sé að sýna fram á ásetning eða stórfellt gáleysi brotamanns vegna verknaðar sem fellur undir verknaðarlýsingu 172. gr. Hér fara höfundar greinargerðarinnar ekki alls kostar með rétt mál.

Eins og áður er að vikið reynir í tollastarfseminni svo til eingöngu á 1. mgr. 172 gr. Sá sem þetta ritar fæst m.a. við mál af þessum toga og getur upplýst að fenginni þó nokkurri reynslu að mörgum þeirra mála sem falla undir 1. mgr. 172. gr. tekst að ljúka með sektargerð tollstjóra. Skýring á því að sjaldgæft er að ákæra sé gefin út er m.a. sú að á undanförnum árum hafa fá mál verið send lögreglu til meðferðar sökum þess að sæmilega hefur tekist til við að ljúka þeim hjá embættinu. Nefna má að hækkun sektarmarkna 1. mgr. 185. gr. tollalaga hefur leitt til þess að unnt er að ljúka fleiri málum hjá embættinu. Þá er það ekki alls kostar rétt sem sagt er í greinargerðinni að afar fátítt sé að náðst hafi fram sakfelling í þeim málum þar sem ákæra hefur verið

gefin út, a.m.k. sé horft til lengra tímabils. Benda má á að þeir starfsmenn tollstjóra sem fást við mál er snúast um brot gegn 1. mgr. 172. gr. tollalaga hafa smám saman náð betri tókum á viðfangsefninu hvað það varðar að tryggja sönnunarstöðu þeirra.

Ég legg til að ekki verði hróflað við 172. gr. tollalaga. Þess í stað legg ég til að í 33. gr. laganna komi ákvæði sem leggi tiltekna skyldu á tollmiðlara, en eitt af meginhlutverkum þeirra er að annast gerð aðflutningsskýrslna fyrir innflytjendur. Ég tel að best færi á því að viðbótarákvæðið yrði upphafsákvæði greinarinnar. Ákvæðið gæti hljóðað á þá leið sem hér greinir: *Tollmiðlari skal að aflokinni gerð aðflutningsskýrslu fyrir hönd innflytjanda, áður en hann sendir skýrsluna til tollstjóra með rammaskýti um gagnaflutningsnet vegna SMT-tollafgreiðslu, senda skýrsluna á rafrænu formi til innflytjanda. Á stöðluðu formi sem tollstjóri lætur tollmiðlurum í té og fylgja ber aðflutningsskýrslunni skal tollmiðlari inna innflytjanda eftir því hvort hann staðfesti réttmæti skýrslunnar hvað varðar tegund, magn eða verðmæti vöru. Þarfnist skýrslan leiðréttingar skal innflytjandi senda tollmiðlara upplýsingar studdar gögnum þar að lútandi á rafrænu formi.* Ég tel að hljóti tillaga mín náð fyrir augum nefndarinnar muni varnaðaráhrif 1. mgr. 172. gr. aukast til muna.

Telji nefndin hins vegar rétt að leggja til að fyrrgreind breyting á saknæmisskilyrðum verði samþykkt álit ég að nefndin þurfi samhliða því að kynna sér hvernig sektarákvörðun er háttað í málum þar sem saknæmisskilyrðið er gáleysi. Þegar slakað er á saknæmisskilyrðum hlýtur það jafnframt að hafa í för með sér að sektir séu lægri en þegar um ásetningsbrot er að tefla. Með öðrum orðum væri það mínu mati afar óréttlátt og jafnvel andstætt jafnræðisreglum að hafa sektir þær sömu hvort sem brot er framið af ásetningi eða gáleysi líkt og lagt er til í frumvarpinu. Ég vísa í þessu sambandi til fyrirmæla ríkissaksóknara til lögreglustjóra um brot sem ljúka má með lögreglustjórasedekt en fyrirmælin má nálgast á vef ríkissaksóknara undir flípanum fyrirmæli. Fyrirmæli er lúta að tollalagabrotum er að finna í upphafi kafla 2.5.

## II

Ég leyfi mér að nota tækifærið til þess að gera annað atriði í tollalögum að umtalsefni enda þótt það sé utan frumvarpsins.

Í 1. mgr. 147. gr. tollalaga er mælt fyrir um að tollstjóri, löglærðir fulltrúar hans og tollverðir fari með tollgæsluvald samkvæmt lögnum. Samkvæmt ákvæðinu er ljóst að til þess að fara með tollgæsluvald nægir að hinir löglærðu fulltrúar hafi lokið grunnnámi í lögfræði, þ.e. BA- gráðu. Í frumvarpi því til tollalaga sem lagt var fram á 131. löggjafarþingi er í greinargerð með 146. gr. ítarlega rakið hvert sé inntak tollgæsluvalds. Þá segir svo í greinargerð með 1. mgr. 147. gr. frumvarpsins: Jafnframt fara þeir með tollgæsluvald sem gegna stöðum æðstu yfirmanna hjá tollstjórum, tollstjóri og löglærðir fulltrúar hans, en þeir hafa það starfssvið að stjórna, skipuleggja og aðstoða við rannsókn máls.

Ég legg til að við málgreinina bætist ákvæði sem gæti hljóðað eitthvað í þessa veru: *Hinir löglærðu fulltrúar skulu hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.*


Til útskýringar skal þess getið að starfsemi tollstjóra skiptist í tvö kjarnasvið og nokkur stoðsvið. Kjarnasviðin eru tollasvið og innheimtusvið og starfa löglærðir fulltrúar tollstjóra einkum á þeim sviðum. Tillaga mín á því eðli málsins samkvæmt einungis við um löglærða fulltrúa er starfa á tollasviði.

Ég hef kannað lög er snúa að nokkrum ríkisstofnunum sem eiga það sammerkt að löglærðum fulltrúum þeirra er falið að fara með tiltekið vald og í því samhengi hvaða menntunarkröfur lögin gera til hinna löglærðu fulltrúa forstöðumanna þeirra stofnana. Kemur þá í ljós að löglærðir fulltrúar sýslumanna verða að uppfylla sömu menntunarkröfur og ég hef gert tillögu um hér að framan. Sjá 3. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði. Í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, 20. og 22. gr., er hvað varðar löglærða fulltrúa ríkissaksóknara og héraðssaksóknara (saksóknarfulltrúar) efnislega mælt fyrir um að þeir skuli hafa lokið embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði. Í lögreglugögum nr. 90/1996 er í 2. ml. 5. mgr. 6. gr. kveðið á um að öðrum lögreglustjórum (en við tvö stærstu embættin) sé heimilt að ákveða að starfsmaður embættisins sé staðgengill lögreglustjóra enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 28. gr. laganna. Efnislega felur skilyrðið sem hér skiptir máli það í sér að starfsmaðurinn skuli hafa lokið fullnaðarþrófi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi eða háskólaþrófi í þeirri grein sem metið verður fullgilt.

Spyrja má hvort löggjafinn telji það sjálfsagt og eðlilegt að að lögum séu gerðar aðrar og minni menntunarkröfur til löglærðra fulltrúa tollstjóra sem fara með tollgæsluvald en þeirra löglærðu fulltrúa sem ég hef gert að umtalsefni hér að ofan. Ég tel nauðsynlegt að sú krafa sé gerð af hálfu löggjafans að einungis þeir löglærðu fulltrúar tollstjóra sem lokið hafa fullnaðarþrófi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi fari með tollgæsluvald.

Tollverðir eru nánustu samstarfsmenn þeirra löglærðu fulltrúa tollstjóra sem fara með tollgæsluvald. Í ljósi þjóðfélagsþróunar hefur menntunarstig tollvarða góðu heilli aukist mjög á undanförunum árum og bendir ekkert til annars en að sú þróun muni halda áfram. Með þessu á ég við að fjölmargir þeirra tollvarða sem ráðnir hafa verið til starfa í tollgæslu á undanförunum árum hafa lokið háskólaþrófi. Að mínu viti ætti sú staðreynd að styrkja fremur en veikja tillögu mína um menntunarkröfur þeirra löglærðu fulltrúa tollstjóra sem fara með tollgæsluvald. Hvet ég háttvirta efnahags- og viðskiptanefnd til þess að taka tillögu mína til meðferðar og í framhaldi af því að bæta henni inn í frumvarpið.

Virðingarfyllst,

  
Júlíus B. Georgsson